# Karlakór Akureyrar - Geysir

Afhending 2010/33

Karlakór Akureyrar var stofnaður árið 1929 og Karlakórinn Geysir var stofnaður árið 1922. Kórarnir tveir settu mikinn svip á bæjarlífið á Akureyri og störfuðu af kappi á áratugi. Á níunda áratug tuttugustu aldar var svo farið að ræða hvort sameina ætti þessa tvo kóra og árið 1990 varð til Karlakór Akureyrar-Geysir sem starfað hefur óslitið síðan.

Starf kórsins er fjölbreytilegt, hann heldur jólatónleika, kaffihlaðborð, syngur við útfarir og ýmis önnur tækifæri og hefur verið með virkt félagsstarf fyrir meðlimi.

Kórinn á og rekur félagsheimili í Lóni og hefur æfingaraðstöðu þar. Ýmis starfsemi er í húsinu meðal annars reglulegir dansleikir fyrir eldri borgara, en kórinn hefur einnig sungið á öldrunarstofnunum Akureyrarbæjar fyrir hver jól í mörg ár.

Kórinn hefur einnig tekið þátt í allskyns menningarviðburðum á vegum Akureyrarbæjar, svo sem útihátíðum og Akureyrarvöku.

Afhendingin kom frá Hólmkeli Hreinssyni. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
20. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
skjalavörður

| Skrán.nr. | Örk | | | Efni | Ath. |
|---|---|---|---|---|---|

**A-Fundargerðir**

**A-Fundargerðir** **2001 - 2005**

**Karlakór Akureyrar Geysir** **2010 / 33**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2010 - | A / 1 | 1 | 2001- 2005 | Fundargerðabók. | 32,5 x 22,5 |